


Gestur sýningarinnar er Gunnar Hannesson og lýsir hann yfir að hann hafi aldrei tekið svart-hvíta mynd og að Kodachrome sé einasta filman að hans viti. Gunnar sem er 58 ára, á ferðalög og ljósmyndun í náttúru Íslands að aðal-áhugamáli.




Karl G. Jeppesen er 29 ára, kennari að atvinnu. Náttúruform og fólk er hans aðalviðfangsefni.



Gunnar S. Guðmundsson er 24 ára og offsetljósmyndari að atvinnu. Hans aðalmyndaefni er náttúruform, fólk og fuglar.




Pjetur P. Maack er 23 ára guðfræðistudent og hefur stundað ljósmyndun í ein 11 ár. Uppáhaldsmyndaefni hans er fólk og náttúruform.



Skúli Þór Magnússon er 26 ára líffræðingur og hann myndar „það sem fyrir augu ber í umhverfinu“, eins og segir í skránni.

Nú er sýningin Ljós '73 hafin í Kjarvalsstöðum og hafa ummæli gesta verið lofsamleg. Í sýningarskrá eru birtar myndir af öllum þátttakendum og færum við þær myndir yfir á síðuna til að kynna hópinn.

Um helgina sóttu um þúsund manns sýninguna, en hún verður opin í dag frá 4-10 og áfram fram að helginni, en helgardagana verður hún opin 2-10. Sýningunni lýkur á þriðjudagskvöld í næstu viku.



Kjartan B. Kristjánsson er þeirra yngstur, 20 ára, og Optiker að atvinnu. Hann hefur mestan áhuga á þjóðlífi.



Jón Ólafsson er 24 ára lyfjafræðinemi og hann hefur einnig þjóðlíf sem sitt kjörsvið.

15.

SÍÐAN

UMSJÓN: SJ



— Mikið verður hann Kalli afbrýðisamur núna!


Kennarinn: Ef pabbi þinn fær 5000 krónur og gefur mömmu þinni helminginn, hvað fær hún þá?
Óli: Slag!

LISTAVERK ÚR ELDSPÝTUM

Englendingurinn Ray Cook, sem er 42 ára, hefur þá undarlegu tómsundaiðju að skera út listaverk í eldspýtum.

Ray Cook hefur alltaf verið góður handverksmaður, en á þessari þolinmæðisíðju byrjaði hann þegar hann lá í lengri tíma á spítala. Hann notar rakvélablöð til að skera með og er 2-4 klst að koma sköpulagi á verkið. Hann vinnur ekki nema 20 mínútur í senn, enda kostar þetta gífurlega einbeitingu, og hann fær oft mikinn höfuðverk ef hann ofreynir sig.

Hann segir að það séu aðeins 5-10 prósent af eldspýtum sem hægt er að nota, og það er útaf fyrir sig nægilegt verkefni að finna eldspýtum sem henta.



Hér er eitt verkið eftir Roy — að sjálfsgöðu mikið stækkað í ljósmynduninni.

Samkeppni

Við höfum fengið bréf frá danska gullsmiðafélaginu þar sem greinir frá því að gullsmiðum á Norðurlöndum, og öðrum þeim sem áhuga hafa, sé boðið að taka þátt í samkeppni um þrennskonar smiðagrip. Í fyrsta lagi demantshringi, í öðru lagi hverskonar skrautgripi og í þriðja lagi könnur, skálar, kertastjaka o.s.frv.

Myndin sýnir þá gripi sem fengu verðlaun í fyrra og eru þeir gerðir af sænska gullsmiðnum Theresíu Hvorslev, en hún mun sitja í dómarsæti í ár ásamt tveimur öðrum Dönun.


Teikningar eða gripið þurfa að hafa borist í hendur dómnefndar fyrir 28. janúar n.k. og er heimilisfangið: Guldmedefaget, Ryvangs Allé 26, DK-2100, Köbenhavn.



SALON GAHLIN



— Og Guðmundur er hættur í skómiðinni?
— Já, hringsólid fór alveg með hann.



Fyrir tæpri viku varð það óhapp í nágrenni Stokkhólms að flutningalest fór útaf sporinu, og þannig var aðkoman þegar ljósmyndararnir komi á vettvang. Enginn meiddist, undarlegt nokk.